



UMHVERFIS
STOFNUN

Náttúruvættið Fjaðrárgljúfur

Aðgerðaáætlun



Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi friðlýsta svæðisins í Fjaðrárgljúfri sé við haldið. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umsjónar- og rekstraraðilar svæðisins eru ábyrgðaraðili aðgerðanna nema að annað sé tekið fram.



Uppbygging innviða

**Aðrar aðgerðir sem styðja
við stefnu um náttúruvættið
Fjaðrárgljúfur.**

Uppbygging innviða

- Sett verði upp aðkomuskilti þar sem komið er að Fjaðrárgljúfri sem upplýsir um að komið sé inn á friðlýst svæði.
- Endurskipuleggja og hanna gönguleið meðfram Fjaðrárgljúfri með þeim hætti að stígar þoli þær veðurfarslegu aðstæður sem þar eru og það álag sem er af völdum ferðamanna á staðnum.
- Framkvæmdir við gönguleið meðfram Fjaðrárgljúfri í samræmi við hönnun.
- Merkingar verði samræmdar að útliti eftir því sem skilti verða uppfærð.
- Skilti verði sett upp við upphaf gönguleiða þar sem gestir eru boðnir velkomnir og farið yfir helstu gönguleiðir, umgengnisreglur og öryggisatriði á friðlýsta svæðinu.

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árleg eða regluleg verkefni

- Umhverfisstofnun vinnu ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- Fundir samstarfshóps um málefni verndarsvæðisins.
- Sett verði upp leiðbeiningarskilti eftir þörfum.
- Stikuðum gönguleiðum skal vel við haldið og þær yfirfarnar.
- Merkingum við gönguleiðir verði við haldið.
- Gerð verði greining á þörf fyrir frekari uppbyggingu útsýnispalla og hvort fjölga þurfi útsýnisstöðum.
- Metin skal þörf fyrir skilgreiningu reiðhjólaleiða og endurskoða stjórnunar- og verndaráætlun ef þörf er talin til.
- Árlega skal meta þörf fyrir hvort gróður tálmi sýn að jarðminjum og bregðast við ef þörf krefur í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Vakta skal framgang framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.
- Yfarfara skal öryggis- og neyðarbúnað landvarða.
- Teljarar skulu kvarðaðir og þeim viðhaldið í samstarfi við Ferðamálastofu.

Önnur verkefni

- Meta skal þörf fyrir stýringu á umferð gesta og bregðast við eftir þörfum.
- Fræðsluáætlun verði unnin í samstarfi landeigenda, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar.
- Metin verði þörf fyrir fræðslugöngur með landvarði í samræmi við fræðsluáætlun.
- Samstarfshópur útbúi, og miðli leiðbeinandi reglum um meðferð fjarstýrðra loffara.



UMHVERFIS
STOFNUN